



Útvarpsræða: Varnir Íslands

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður og greinar 1929-1964.

Askja 4-1, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt í útramp 4/4/51 - Birt í Mbl. 5/4/51.

Í dag eru rétt tvö ár liðin síðan varnarsamningur Norður-Atlantshafsríkjanna var undirritaður í Washington. Atburðir þessara tveggja ára og þá ekki sízt síðustu þriggja ársfjórðunga hafa sannað svo, að ekki verður um deilt, að varnarbandalag þetta var ekki stofnað að ófyrirsynju.

Eitt af framskilyrðum þess, að ekki hefjist allsherjarstríð, er, að varnarleysi hinna friðsömu ríkja sé eigi svo algjört, að það þjóði árás heim. Þátttökuríki Norður-Atlantshafsbandalagsins, sem öll eru friðsöm í eðli og höfðu afvopnast eftir síðustu styrjöld, hafa sýnt skilning sinn á þessu með þeim ~~miðum~~ ^{miðum} átökum, sem þau hafa gert til að koma upp nægilega sterkum sameiginlegum vörnum.

Sú deyfð, sem sumum virtist í fyrstu einkenna varnarátökin, hvarf með öllu þegar árásin á Kóreu sannaði mönnum á s.l. sumri, hversu hættan er yfirvofandi og getur hvarvetna fyrirvaralaust borið að höndum. Til dæmis um það, hversu þjóðirnar leggja nú hart að sér til að koma á fullnægjandi vörnum, má geta þess, að nánasta frændþjóð Íslendinga, norska þjóðin, sem í eðli er frábitin hernaði og enginn grunar um árásarahug, býr sig nú til þess að geta kvatt til vopna 270.000 manna her, ef til stríðs kemur. Það svarar til þess, að Íslendingar gætu með sama hætti kvatt til varnar landi sínu ~~með~~ 12.000 manna lið. Og á næstu árum ætla Norðmenn að verja

af þjóðartekjum sínum 6% til undirbúnings varna landsins. Svarar það til þess, að við Íslendingar eyddum í þessu skyni nær 90 milljónum króna.

Við Íslendingar erum svo fáir, land okkar svo stórt og aðstaða erfið, að við getum ekki sjálfir varið land okkar, enda var það skýrt tekið fram, þegar við gerðumst aðilar bandalagsins, að við værum þess ekki megnugir.

Við undirskrift samningsins var það berum orðum sagt af hálfu Íslands, að aðild okkar að samningnum sýndi, að bæði sjálfra okkar vegna og annara vildum við svipaða skipan á vörnum landsins og var í síðustu styrjöld, ef ný brytitzt út, sem við vonum og biðjum að ekki verði, sem sé, að hinar engilsaxnesku þjóðir annist um þær.

Öllum þeim, er ^{sjá} vilja og skilja, er ljóst, að Ísland hlýtur að dragast inn í styrjöld, er háð kann að verða á þessum slóðum, vegna þeirrar úrslitabýðingar, sem landið hefur um öryggi landanna við Norður-Atlantshaf. Þessvegna verða Íslendingar ~~þvívegan~~ ^{þvívegan} ~~sín vegna og annarra~~ að tryggja landinu varnir. Það er hinsvegar undir mati á stjórnmalaaðstöðu allri og styrjaldarhættu komið, hvenær Íslendingar telja nauðsynlegt, að vörnum sé komið fyrir í landinu. Árásarmenn gera yfirleitt ekki boð á undan sér og ráðast sjaldan á garðinn þar sem hann er hæstur.

^{Vinsu}
~~Þvívegan~~lega hafa atburðir síðustu mánaða verið svo ískyggilegir og friðleysið í heiminum svo geigvænlegt, að íslenska ^{riðtin} ~~(ríkisstjórnin)~~ hefur haft þungar áhyggjur af varnarleysi landsins. Ríkisstjórnin

hefur þessvegna að sjálfsögðu haft náið samráð við aðrar bandalagsþjóðir og stofnanir bandalagsins um eðli og alvöru hattunnar, og mun á hverjum tíma hiklaust gera það, sem hún að öllu athuguðu telur nauðsynlegt til að draga úr árásarhattunni og þar með tryggja frelsi og öryggi Íslands. [Dyrkeypt reynsla hefur kent lýðræðisþjóðunum, að öflugar varnir þeirra sjálfra eru bezta tryggingin gegn því að á þær verði ráðist. Varnarsamtök Norður-Atlantshafs-ríkjanna, sem stofnuð voru fyrir tveimur árum, eru byggð á þessari staðreynd. Vonandi verða þau nógu sterk til að eyða árásarhattunni og tryggja varanlegan frið í heiminum.